



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 30.09.2016

Kl.: 15:00

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Katla

Fundinn sátu fulltrúar frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á Suðurlandi, Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, ÍSAVÍA, Embætti Sóttvarnarlæknis og Umhverfisstofnun.

Meginefni fundar

- Aukin jarðskjálftavirkni í Kötlu

Fundargerð – punktar

- Vísindaráð almannavarna fundaði í dag vegna jarðskjálftahrinu sem staðið hefur yfir síðastliðinn sólarhring í Mýrdalsjökli. Ástæður skjálftanna eru líklegast kvikuhreyfingar en engin merki hafa enn komið fram um að gos sé að hefjast.
- Veðurstofan breytti í dag litarkóða vegna flugumferðar vegna Kötlu í gult úr grænum. Gulur litur þýðir að eldstöðin sýni merki um virkni umfram eðlilegt ástand.
- Vísindaráð telur eftirfarandi atburðarrásir mögulegar:
 - Jarðskjálftahrinan hættir án frekari atburða.
 - Jökulhlaup kemur fram í ám vegna minniháttar eldgoss eða tæmingar á jarðhitakötlum.
 - Eldgos hefst í Mýrdalsjökli sem nær að brjóta sér leið í gegnum jökulinn. Afleiðingar gætu verið jökulhlaup í ám sem renna frá jöklinum ásamt öskufalli.